

***Skýrsla nefndar
forsætisráðherra
um
stuðning stjórnvalda
við handverksgreinar***

Desember 1998

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Samandregnar niðurstöður.....	3
Greinargerð.....	4
Inngangur.....	4
Hugtök í handverki.....	4
Staða handverks.....	5
Staða handverks í landshlutunum.....	6
Stuðningur forsætisráðuneytisins við handverk.....	7
Fjárhagslegur stuðningur við handverksfólk.....	8
Menntamál handverksfólks.....	10
Þjónusta við handverksfólk.....	11
Starf Heimilisiðnaðarfélagsins.....	11
Skattlagning handverks.....	11
Tillögur nefndarinnar.....	12
Handverk og hönnun.....	12
Verkefni Handverks og hönnunar.....	13
Styrkveitingar til handverks.....	14
Menntun starfandi handverksfólks.....	14
Skattlagning handverks.....	14
Heimilisiðnaðarfélag Íslands.....	15
Fylgiskjöl.....	16

Samandregnar niðurstöður

Nefndin telur að sá stuðningur sem stjórnvöld hafa veitt handverki á undanförunum árum hafi átt umtalsverðan þátt í þeirri miklu eflingu sem orðið hefur í þessari starfsemi. Nefndin telur að handverksgreinar geti enn dafnað og eflst og geti skapað þeim sem þær stunda lífvænlega afkomu og stuðlað að viðhaldi og eflingu íslenskrar menningar.

Helstu tillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Nefndin leggur til að starfsemi sú sem rekin hefur verið undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram sem verkefni sem fái fjárhagslegan stuðning frá forsætisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og að þessir aðilar tilnefni einn mann hver í stjórn verkefnisins. Til að tryggja fagleg sjónarmið í stefnumótun verði skipað um það bil 15 manna ráð sem komi saman um það bil einu sinni á ári. Nefndin leggur til að hjá Handverki og hönnun starfi að minnsta kosti 3 starfsmenn. Markmið starfseminnar verði að stuðla að áframhaldandi eflingu handverks, að bæta menntun og þekkingu handverksfólks og stuðla að aukinni gæðavitund í greininni. Til þess að ná markmiðunum þarf verkefnið að stunda ráðgjöf, safna og dreifa þekkingu og vera vettvangur þróunar í íslensku handverki. Lagt er til að verkefnið fái 13 m.kr. framlag frá hinu opinbera á ári.
2. Nefndin leggur til að þjónusta Handverks og hönnunar við handverksfólk á landsbyggðinni verði veitt í gegn um net atvinnuráðgjafanna með stuðningi Iðntæknistofnunar.
3. Nefndin leggur til að forsætisráðuneytið feli fulltrúum þeirra aðila sem vilja styðja handverk fjárhagslega að gera saman og í samráði við Handverk og hönnun fjögurra ára áætlun um það hvernig stuðningi við handverk verði fyrir komið og hver sé verkaskipting milli aðila. Nefndin vill ekki fyrirfram gefa sér hver sé eðlileg verkaskipting milli aðila eða hvað sé eðlilegt umfang stuðnings.
4. Nefndin leggur til að komið verði á skipulögðu námi fyrir starfandi handverksfólk hjá Myndlista og handíðaskóla Íslands.
5. Nefndin leggur til aðgerðir til að lágmarka mismunun í álagningu virðisaukaskatts milli listamanna og handverksfólks annars vegar og milli bændafólks og þéttbýlisbúa sem stunda handverk hins vegar.
6. Nefndin leggur til aukinn stuðning við starfsemi Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Lagt er til að félaginu verði falið að standa fyrir átaki í ráðgjöf um þjóðbúninga sem standi næstu tvö ár í þeim tilgangi að fleiri konur skarti þjóðbúningi árið 2000 en annars yrði.

Greinargerð

Inngangur

Hinn 17. ágúst 1998 skipaði forsætisráðherra 5 manna nefnd “til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um hvernig háttá eigi stuðningi stjórnvalda við þá einstaklinga og félagasamtök sem leggja stund á handverksgreinar.” Nefndina skipa Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur, Margrét K. Gunnarsdóttir, deildarsérfræðingur á Vinnumálastofnun félagsmálaráðuneytisins; Árni Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar og viðskiptaráðherra, Stefán Snæbjörnsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og Helga Thoroddsen, textílfraeðingur. Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að hafa hliðsjón af því sem áunnist hefur af reynsluverkefni forsætisráðuneytisins. Það hefur nefndin gert meðal annars með því að Guðrún Hannele Henttinen, verkefnisstjóri þess verkefnis hefur setið flesta fundi nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið alls 11 fundi og reynt að kynna sér eftir megni þá starfsemi sem fram fer á sviði handverks og opinberan stuðning við það. Nefndin hefur heimsótt Myndlista og handíðaskóla Íslands, listgreinadeild Kennaraháskóla Íslands og haldið fund með stjórnarmönnum og starfsfólki Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Heimilisiðnaðarskólans. Þá hefur nefndin haldið fund með stjórn Handverks og hönnunar. Nefndin hefur aflað skriflegra upplýsinga um fjárhagsstuðning við handverk frá Bygðastofnun, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, iðnaðarráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og kynnt sér fjárhagsstuðning menntamálaráðuneytis við listamenn. Þá skrifaði nefndin öllum atvinnuráðgjöfum og fór fram á upplýsingar um stöðu handverks á starfssvæðum þeirra.

Hugtök í handverki

Hugtök og skilgreiningar í handverki hafa verið mjög á reiki. Hugtakaruglingur getur staðið þróun í handverki fyrir þrifum og komið í veg fyrir eðlileg samskipti manna í milli. Því er nauðsynlegt að koma nokkurri reiðu á hugtök og skilgreiningar á þeim. Nefndinni þykir eðlilegt að flokka handverk annars vegar eftir því hvernig handverksmaðurinn kemur að vinnunni, hversu sérstakir þeir hlutir eru sem framleiddir eru og hversu mikil hönnun af hans hálfu er fólgin í þeim. Hins vegar er hægt að flokka handverk eftir því hvaða efni eru notuð. Sú flokkun er þó ekki eins mikilvæg. Til að mynda er ekki æskilegt að stjórnvöld hafi mismunandi starfsreglur, eða stuðningsaðgerðir sem fari eftir því úr hvaða efni er unnið. Þess finnst þó dæmi. Nefndinni hefur verið gagn í að styðjast við eftirfarandi hugtakaskilgreiningar þótt þær séu ekki fullkomnar.

Meginflokkar handverks eru:

- listhandverk (eða listiðnaður)
- gæðahandverk
- heimilisiðnaður og
- handavinna¹

Listhandverk er listsköpun eða listhönnun, persónuleg tjáning í handverki, formi, litum og efni. Oftast er um eigin hönnun að ræða. Skilin milli listhandverks og listar geta verið óljós, bæði að því er varðar bakgrunn þeirra einstaklinga sem það stunda og þau efni og vinnuaðferðir sem notuð eru. Sami einstaklingurinn getur þannig verið bæði listhandverksmaður og listamaður. Tveir aðilar sem vinna sams konar verk, með sama bakgrunn geta skilgreint sig á mismunandi hátt.

¹ Flokkun Guðrúnar Hannele Henttinen, verkefnisstjóra

Gæðahandverk er skilgreint þannig að handverksmaðurinn býr sjálfur yfir verkþekkingunni og þeirri leikni sem til þarf og gerir hlutinn algerlega sjálfur. Hönnunin getur hins vegar verið hans, einhvers annars eða að um er að ræða þjóðlega fyrirmynd.

Heimilisiðnaður nær til vöru sem upphaflega var búin til á heimilum (áður einkum til sveita) eða við líkar aðstæður, s.s. ullarvinna, sauma og þrjónaskapur eða matargerð. Varan er oftast gerð samkvæmt hefð eða eftir uppskriftum eða fyrirmyndum annarra.

Handavinna krefst ekki fagþekkingar og þarf ekki að vera hugarsmið framleiðandans. Oftast er um að ræða einfalda hluti sem eru samsettir eftir forskriftum úr bókum eða blöðum. Handavinna er í eðli sínu tómstundastarf en getur verið framleidd til sölu.

Í viðauka við þessa skýrslu er að finna lista yfir 37 mismunandi handverksgreinar og sýnir hann ljóslega hversu gífurleg fjölbreytni er í því handverki sem stundað er hér á landi. Sá listi er þó ekki talinn tæmandi.

Staða handverks

Enginn vafi er á því að mikil efling handverks hefur orðið á seinni hluta þessa áratugar. Verkefnisstjóri Handverks og hönnunar stóð fyrir spurningakönnun meðal handverksfólks með stuðningi Rannsóknaráðs Íslands. Könnunin var send út til rúmlega 700 aðila og bárust svör frá 311. Könnunin gefur glögga mynd af högum handverksfólks í dag. Niðurstöður þessarar könnunar eru ekki fullunnar en það sem fyrir liggur hefur verið nefndinni afar mikilvægt.

Að langmestum hluta voru svarendur konur, eða 82% en 18% voru karlar. Fjölmennasti aldursflokkur handverksfólks er á aldrinum 41-50 ára, eða 25% en 22% eru á aldrinum 31-40 ára og 18% 51-60 ára. Að því er menntun varðar er hún mjög hefðbundin. Um 70% svarenda höfðu farið á námskeið til að læra til verka, en 5% höfðu lokið námi við Myndlista og handíðaskóla Íslands og önnur 5% höfðu farið í handíðaskóla erlendis.

Langflestir þeirra sem spurningunum svöruðu stunda þrjónaskap eða 45%. Um 30% stundar minjagripagerð og allmargir stunda fleiri en eina tegund handverks. Yfir helmingur handverksfólks býr í dreifbýli þrátt fyrir það að þar búi mikill minnihluti þjóðarinnar. Um fimmtungur handverksfólks býr á Norðurlandi eystra og annar fimmtungur á höfuðborgarsvæðinu. Einungis 2% svarenda býr á Reykjanesi. Langflestir, eða 73% stunda handverk allt árið.

Það sýnir vel hvernig þróun hefur orðið í handverki að flestir byrjuðu að stunda þessa iðju á árunum 1990-94 eða 43%, 23% byrjuðu 1995-98 en fimmtungur byrjaði á níunda áratugnum. Flestir, eða 65% vinna heima hjá sér, 27% hafa eigin verkstæði en 7% deila vinnuáðstöðu með öðrum. Algengast er að sala fari fram í handverkshúsi, það gildir um 26% handverksfólks, þar næst í heimahúsi 24% og á sölusýningum 18%. Rúmlega þriðjungur sölunnar fer fram á höfuðborgarsvæðinu, þá á Norðurlandi eystra, 27% og 22% á Suðurlandi. Mun minna er selt á öðrum stöðum. Tæplega 80% viðskiptavina eru innlendir en 20% erlendir.

Fjárhagsleg umsvif í handverki hafa aukist á undanförunum árum, bæði vegna aukins fjölda erlendra ferðamanna sem kaupa ýmiss konar handverk sem minjagripni en ekki síður vegna aukins áhuga hér innanlands. Á sama tíma hefur einnig orðið mikil vakning til þess að bæta gæði þeirrar vöru sem boðin er til sölu. Á undanförunum árum hafa verið sett á laggirnar allmörg handverkshús og gallerí, sem selja framleiðslu handverksfólks. Einungis um þriðjungur þeirra sem svöruðu spurninga-

könnun Handverks og hönnunar gáfu upplýsingar um veltu. Helmingur þeirra var með veltu innan við 209 þúsund krónur árið 1997 en 10% var með veltu yfir 3,5 m.kr. Að meðaltali var veltan rúmlega 1 m.kr. Samkvæmt þessu gæti velta handverksgreinanna verið af stærðargráðunni 3500 m.kr. við fyrstu sölu.

Handverk er eina atvinnugrein hjá einum af hverjum sjö svarendum en hjá flestum skapar hún viðbótartekjur við aðra atvinnu og hjá helmingi er sú viðbót innan við 10%.

Staða handverks í landshlutunum

Þann 3. september 1998 skrifaði nefndin atvinnuráðgjöfum bréf þar sem farið var fram á upplýsingar um þann stuðning sem handverksfólk hefði aðgang að og hvernig það hefði notfært sér hann. Þá fór nefndin fram á upplýsingar um stöðu handverks á starfssvæðinu, hvaða markmið væru talin æskileg í málefnum handverks og hvaða hindranir væru helstar í vegi fyrir því að þau gætu náðst. Svarbréf atvinnuráðgjafanna fylgja skýrslu nefndarinnar sem fylgiskjöl. Að öðru leyti byggir lýsing á stöðu handverks í einstökum landshlutum á upplýsingum frá Handverki og hönnun. Vitað er að skrá Handverks og hönnunar er ekki fullkomin en á hinn bóginn eru þar án efa bestu upplýsingar sem völ er á.

Á *Vesturlandi* hefur verið staðið skipulega að ráðgjöf við handverksfólk. Frá byrjun árs 1996 var ráðinn sérstakur ráðgjafi fyrir konur og sá starfsmaður hefur í raun starfað sem handverksráðgjafi. Þá starfaði tengiliður á vegum Handverks reynsluverkefni og hefur verið handverksfólki innan handar eftir að tengiliðir voru lagðir af. Reynslan á Vesturlandi er að handverk hefur dafnað best þar sem minna hefur verið um atvinnu. Mestur kraftur er í starfinu í Dalasýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og á sunnanverðu Snæfellsnesi. Handverkssölur eru á tveimur stöðum og selja um 20 einstaklingar í Ullarselinu á Hvanneyri en 45 í Gallerí Hönd í Borgarnesi. Þar var fenginn hönnuður til að hanna sérstaka *Borgarfjarðarlínu* og eru nú um 30 konur virkar í að framleiða margs kyns vörur úr ull í samræmi við þessa hönnun. Viðbrögðin við þessu hafa verið þau að bæði í Ullarselinu og handverksfélaginu Bolla í Dalasýslu hafa konur farið inn á þá braut að láta hanna framleiðslulínur til að auka sérstöðu sína en jafnframt gæði framleiðslunnar. Í Norska húsinu í Stykkishólmi eru aftur á móti seldar í umboðssölu vörur framleiddar annars staðar.

Auk þeirra þriggja handverkshópa sem starfa á Vesturlandi eru þar 6 einstaklingar sem stunda handverk. Húsnæðismál handverkshópanna á Vesturlandi hafa staðið þeim fyrir þrífum en á árinu 1998 fékk handverksfélagið Bolli styrk til þess að kaupa sér eigið húsnæði.

Á *Vestfjörðum* var starfandi sérstakur atvinnuráðgjafi fyrir konur á árunum 1992-94/5 og átti ráðgjafinn þátt í því að stofnaðir voru handverkshópar víðs vegar um svæðið. Þeir hafa síðan þróast hver með sínum hætti en þó almennt vel. Miklar framfarir hafa orðið í gæðum handverks en einnig hafa markaðsmál batnað umtalsvert. Útsöluastaðir hópanna eru orðnir hluti af ferðaþjónustunni og gegna hlutverki upplýsingamiðstöðva á að minnsta kosti fjórum stöðum.

Handverkshópar eru starfandi á Reykhólum, Patreksfirði, Tálknafirði, Þingeyri, Flateyri, Bolungarvík, í Árnesi í Trékyllisvík og í Hólmavík. Alls staðar hefur verið unnið að markaðsmálum, s.s. söluaðstöðu en einnig námskeiðum og gæðaeftirliti. Auk handverkshópanna stunda að minnsta kosti 10 aðilar handverk á Vestfjörðum.

Á *Norðurlandi vestra* er eitt af eldri handverkshúsum á landinu: handverkshúsið Bardúsa á Hvammstanga en það hefur starfað um 7 ára skeið og verið mikil lyftistöng fyrir greinina í Húnaþingi. Auk þess hóps er stendur að baki Bardúsu eru 4 aðrir hópar starfandi á svæðinu, sumir af

töluverðum krafti, eins og Alþýðulist í Skagafirði. Þá er vitað um 9 aðra aðilar sem stunda handverk.

Á *Norðurlandi eystra* er handverksstarfsemi með nokkrum blóma. Í Eyjafirði hefur árleg sölusýning handverksfólks á Hrafnagili haft jákvæð áhrif á þróun handverks á landinu öllu enda hefur sýningin dregið til sín þátttakendur alls staðar að. Þessi sölusýning er afrakstur átaksverkefnisins Vaka og hefur verið haldin frá 1993. Tveir hópar hafa söluaðstöðu á Akureyri og sinn hvor í Ólafafirði og á Dalvík.

Í Þingeyjarsýslum eru starfandi handverkshópar nema á Raufarhöfn og í Þistilfirði. Handverkskonur milli heiða hafa miðstöð á Fosshóli, annar hópur starfar í Mývatnssveit, Kaðlín er á Húsavík og Heimöx í Öxarfirði. Vitað er um 33 einstaklinga og smáfyrirtæki á Norðurlandi eystra sem stunda handverk.

Á *Austurlandi* eru alls 7 hópar sem selja framleiðslu sína sameiginlega. Þeir eru á Egilsstöðum, norðan Fellabæjar, á Eskifirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi og Höfn. Þá eru 13 aðilar sem stunda handverksstarfsemi á eigin vegum.

Á *Suðurlandi* eru 6 sameiginlegir sölustaðir fyrir handverkshópa, þar af einn í Vestmanneyjum. Aðrir staðir eru Kirkjubæjarklaustur, Vík, Þingborg, Selfoss og Hveragerði. Auk þess er framleiðsla heimilismanna á Sólheimum til sölu þar. Þá er vitað um 13 aðila á Suðurlandi sem stunda handverk.

Handverksfólk í Vestmannaeyjum hefur ekki haft sameiginlegan starfsvettvang en reynt var að koma til móts við þarfir á húsnaði með því að gerð var tilraun með iðngarða. Hún tókst ekki þar sem þátttaka var ekki nægjanleg.

Á *Suðurnesjum* eru tveir hópar starfandi, í Keflavík og Sandgerði. Auk þess er vitað um 6 aðila sem stunda þar handverk.

Á *höfuðborgarsvæðinu* eru 23 aðilar sem selja handverk fyrir fleiri en einn aðila. Ýmist er þar um að ræða handverkshópa sem selja sameiginlega eða verslanir sem selja handverk eftir ýmsa. Þá eru á skrá Handverks og hönnunar 64 aðilar sem stunda handverk á svæðinu.

Atvinnuráðgjafinn í Hafnarfirði hefur aðstoðað einstaklinga sem stunda handverk í bænum við að sækja um styrki og við útvegum húsnaðis.

Í Reykjavík hefur handverksfólk fengið beinan fjárstuðning frá Reykjavíkurborg. Á síðustu fjórum árum er hér um að ræða 26 aðila sem samtals hafa fengið um fjórðung þeirra styrkja sem borgin hefur veitt til atvinnuuppbyggingar. Upphæðin hefur verið 240.000 kr á hvern aðila að meðaltali.

Stuðningur forsætisráðuneytisins við handverk

Reynsluverkefnið Handverk starfaði á vegum forsætisráðuneytisins frá fyrri hluta árs 1994 til loka árs 1996. Það hafði 3ja manna verkefnisstjórn sem skipuð var af forsætisráðherra. Verkefnið var til húsa að Laufásvegi 2, húsi Heimilisiðnaðarfélagss Íslands. Þar var fastur starfsmaður en auk þess var sett upp kerfi tengiliða um allt land. Um starfsemi reynsluverkefnisins vísast til ársskýrslna sem gerðar voru fyrir árin 1994, 1995 og 1996. Verkefnið fékk upphaflega 20 m.kr. fjárveitingu í einu lagi, sem var ætluð fyrir allt starfstímabilið. Var Byggðastofnun falið að ávaxta féð og afhenda það síðan eftir því sem þörf var á.

Þegar reynsluverkefninu lauk var ákveðið að halda starfseminni áfram en nú með fjárveitingum til hvers árs. Stjórn verkefnisins sat áfram en tengiliðakerfið var lagt af. Jafnframt flutti verkefnið á Amtmannsstíg 1 og breytti um nafn í Handverk og hönnun. Verkefnið hefur frá upphafi reynt að afla sér annarra tekna og læturnærri að þær hafi numið 10 m.kr á tímabilinu.

Starfsemi handverks verkefnisins hefur verið mjög fjölþætt. Meðal þess sem unnið hefur verið við má nefna eftirtalin verkefni:

- * Gefin hafa verið út 10 tölublöð af fréttabréfi verkefnisins.. Fyrstu 6 var dreift án endurgjalds en síðan hafa þau verið seld í áskrift.
- * Árið 1994 stóð verkefnið fyrir samkeppni um hönnun á minjagripum og minni nytjahlutum úr íslensku hráefni. Verðlaunagripirnir voru síðan sýndir um allt land. Árið 1998 var haldin önnur samkeppni, nú í samstarfi við *Átak til atvinnusköpunar*. Verðlaunagripir úr þeirri samkeppni voru einnig sýndir á þremur stöðum.
- * Verkefnið hefur ýmist staðið fyrir eða tekið þátt í sölusýningum handverksfólks víðs vegar um landið á starfstímanum.
- * Verkefnið hefur stundað beina ráðgjöf við handverksfólk af ýmsum toga, haldið fundi, málþing og tekið þátt í stefnumótunarvinnu. Það hefur einnig staðið fyrir samstarfi hönnuða og handverksfólks.
- * Gerður hefur verið gagnabanki með upplýsingum um handverksfólk. Í þessum banka eru nú um 700 nöfn með upplýsingum um framleiðsluvörur einstaklinga og hópa. Handverkshópar eru þarna taldir sameiginlega þannig að fjöldi þeirra sem stunda handverk er umtalsvert fleiri en fjöldi nafna á listanum.
- * Eftir að verkefnið flutti á Amtmannsstíg 1 hefur það staðið fyrir sýningum á handverki í litlum sýningarsal sem þar er. Sýningarnar eru orðnar 15.
- * Komið hefur verið upp bókasafni.
- * Verkefnið tók að sér að velja 24 handverksmenn og hönnuði til að gera hluti sem notaðir voru í aukavinninga hjá happdrætti SÍBS. Þetta var mikil kynning fyrir þá sem valdir voru og fyrir handverk almennt.
- * Nú stendur yfir rannsókn á handverki sem unnin er með stuðningi Rannsóknaráðs Íslands. Hluti niðurstaðnanna eru notaðar í þessu nefndaráliti.
- * Frá því reynsluverkefninu lauk hefur umtalsverður hluti af starfsemi Handverks og Hönnunar farið í að útvega verkefninu rekstrarfé vegna þeirra verkefna sem stjórnin og verkefnisstjórnin hafa talið nauðsynleg. Að mati þeirra er hér um of mikinn hluta af starfstímanum að ræða.

Nánar er fjallað um starfsemi Handverks og hönnunar í starfsskýrslu fyrir árin 1997 og 1998 en hún er fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Fjárhagslegur stuðningur við handverksfólk

Í þeim tilgangi að geta fjallað um samræmingu á stuðningi stjórnvalda við handverk leitaði nefndin eftir upplýsingum frá þeim aðilum sem styðja handverksfólk fjárhagslega. Farið var fram á upplýsingar um almennar reglur um stuðning við handverk en einnig hversu margir einstaklingar hefðu fengið stuðning á árunum 1996-98, hvaða hópar hefðu fengið stuðning og til hvers. Þá var sérstaklega spurt um stuðning við námskeiðahald eða aðra menntun handverksfólks.

Í svari *Byggðastofnunar* við erindi nefndarinnar kemur fram að mest áhersla hafi verið lögð á að styðja við sameiginlega framleiðslu og söluaðstöðu. Á þeim þremur árum sem um var spurt hefur

Byggðastofnun stutt samtals 23 einstaklinga eða fyrirtæki í handverki um samtals 8.500 þ.kr. Styrkir voru veittir til 10 handverkshópa eða húsa á þessu tímabili samtals að upphæð 3.350 þ.kr. Styrkir Byggðastofnunar til handverks nema því samtals 11.850 þ.kr. á árunum 1996-98. Það skal tekið fram að í svari stofnunarinnar kemur fram að ekki sé einhlítt að skilgreina hvaða verkefni séu handverk. Ekkert stuðningsverkefna Byggðastofnunar á þessu tímabili snerist um menntun eða námskeiðahald.

Svar *Vinnuálastofnunar* fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins nær einungis yfir árin 1997 og 1998 en stofnunin tók við styrkveitingum til atvinnumála kvenna í upphafi ársins 1997 af Byggðastofnun sem áður hafði annast útborganir þeirra. Samtals fékk 51 einstaklingur stuðning þessi tvö ár. Styrkveiting til þeirra nam 9.111 þ.kr. Fimmtán hópar handverksfólks fengu stuðning af fé til atvinnumála kvenna þessi tvö ár, sumir hóparnir reyndar bæði árin. Þá fékk Handverk og hönnun styrk að upphæð 1.m.kr. Samtals námu styrkveitingar til hópa 5.645 þ.kr. þessi tvö ár. Til námskeiðahalds, bæði á vegum hópa og einstaklinga var veitt 1.450 þ.kr. til 7 aðila. Samtals námu því styrkveitingar félagsmálaráðuneytisins til handverks 16.206 þ.kr. árin 1997 og 1998. Nefndin hefur fengið upplýsingar um úthlutanir úr *starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins* fyrir árin 1995-98. Þar er ekki að finna neinn stuðning við starfsmenntun sem sérstaklega snýr að handverki. Nokkur verkefni hafa verið studd vegna námskeiðahalds um stofnun og rekstur smáfyrirtækja og kann að vera að handverksfólk hafi notfært sér það efni.

Stuðningur *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* við handverk er með tvennum hætti. Annars vegar er handverksfólk stutt með fjárveitingum úr svo kölluðum Smáverkefnasjóði. Til hans hafa runnið 45 m.kr. á ári úr Framleiðnisjóði og auk þess hefur hann kostað 1/2 starf ráðunauts hjá Bændasamtökunum sem tengist starfsemi smáverkefnasjóðsins. Hins vegar hafa nokkrir handverksaðilar fengið stuðning frá Framleiðnisjóði beint, einkum ef verkefni eru stærri en svo að þau rúmist innan starfsreglna Smáverkefnasjóðsins. Á árunum 1996, 1997 og hálfu ári 1998 hefur Framleiðnisjóður, beint og óbeint, stutt 41 einstakling um samtals 7.010 þ.kr. Stuðningur við hópa er samtals 2.590 þ.kr. til 10 aðila. Þar á meðal er reynsluverkefnið og Handverk og hönnun sem samtals hefur fengið 1.040 þ.kr. frá Framleiðnisjóði. Smáverkefnasjóður notar 2/3 hluta ráðstöfunarfjár síns til stuðnings við handverk.

Stuðningur *iðnaðarráðuneytisins* við handverk er á vegum Átaks til atvinnusköpunar. Stuðningur við handverk er ekki sérstakur verkefnaflokkur innan átaksins og því engar reglur sem gilda um handverk sérstaklega. Flestir hafa fengið stuðning undir verkefninu Frumkvöðlastuðningur en þar gilda þær reglur að enginn fær hærri styrk en 500 þ.kr. og ekki meira en 50% af kostnaði. Verkefni eru valin á grundvelli nýsköpunargildis og atvinnumöguleika. Á árunum 1996-98 hafa 8 einstaklingar og fyrirtæki í handverki verið studd um samtals 2.140 þ.kr. Handverk og hönnun tók að sér að halda minjagripasamkeppni fyrir átakið sem varði til þess 2.000 þ.kr. Átakið studdi handverkssýningu og eitt handverkshús um samtals 800 þ.kr. Stuðningur iðnaðarráðuneytis við handverk árin 1996-98 nemur því samtals 4.940 þ.kr.

Samkvæmt ofansögðu hefur heildarstuðningur stjórnvalda við handverksfólk og hópa numið 17,5 m.kr. að meðaltali á ári að undanförunu að viðbættum stuðningi forsætisráðuneytisins við Handverk og hönnun að upphæð 6,5 m.kr. Alls er hér um að ræða 24 m.kr. á ári. Af því fé hefur Handverk og hönnun fengið um það bil þriðjung. Í könnun Handverks og hönnunar á högum handverksfólks kemur fram að þriðji hver hefur notið opinberra styrkja.

Menntamál handverksfólks

Nefndin hefur sérstaklega kynnt sér hvernig staðið er að menntunarmálum sem snúa að handverki. Segja má að í þessum málum, eins og svo mörgum öðrum sé undirstaðan lögð í *grunnskólunum* og jafnvel í *leikskólunum*. Þar koma til að minnsta kosti tvenn sjónarmið. Annars vegar kynnast nemendur handverki með beinum hætti með því að leysa af hendi verkefni í mynd og handmennt (teikningu, smíði og vefnaði). Við þau kynni getur skapast áhugi og komið fram hæfileikar nemenda til skapandi formunar. Þessi kynni leysa oft úr læðingi þörf til að takast á við skapandi störf síðar á námsferlinu eða fá útrás síðar á lífsleiðinni.

Hins vegar getur hvers kyns formunarnám og myndmótun í grunnskólanum aukið skilning nemenda á megininntaki góðs handverks þar sem saman kemur bæði fagurfræðilegt og gæðalegt mat. Það á að sjálfsögðu fyrir langflestum að liggja að verða fremur neytendur en framleiðendur á þessu sviði en gæðastaðall framleiðslunnar hlýtur að taka mið af kunnáttu og skilningi neytendanna. Almennt er viðurkennt mikilvægi þess að leysa úr læðingi skapandi hæfileika nemenda á yngri skólastigum og er hönnunartengt nám einkum talið til þess fallið. Að áliti margra hefur kennsla í mynd og handmennt verið fremur víkjandi á síðustu árum og þarf að mati nefndarinnar að sporna við frekari þróun í þá átt. Nú er á lokastigi í menntamálaráðuneytinu endurskoðun námsskrár grunnskólanna á listasviði. Af þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér um markmið þeirrar endurskoðunar er ljóst að áhugi er fyrir því að efla viðtæka kennslu í öllum þekkingarsviðum lista.

Í *framhaldsskólakerfinu* er tæplega hægt að segja að um sé að ræða kennslu í greinum sem gætu myndað undirstöðu fyrir þá sem hyggjast stunda handverk. Undantekningar frá því eru hönnunardeildir í sumum iðn og fjölbrautarskólanna, sem þó horfa væntanlega fremur til þess að undirbúa nemendur undir frekara hönnunarnám en þess að þeir ætli sér að stunda handverk. Ekki er víst að hægt sé að bjóða upp á sérstakt verklegt nám á framhaldsskólastigi fyrir verðandi handverksfólk. Til þess er handverkið of fjölbreytt. Þeir sem það stunda taka oft ákvörðun síðar á lífsleiðinni. Það er því mikilvægara varðandi framhaldsskólastigið að þar sé kennd undirstaða varðandi listasögu, hönnun, tölvuteiknun, form, lita og efnisfræði og annað það sem auðveldar fagurfræðilegt mat og eflir sjálfstæða og skapandi hugsun.

Þegar komið er að *æðra menntastigi* hér á landi er Myndlista og handíðaskólinn eini skólinn sem fæst við kennslu í sumum af þeim greinum sem tengjast handverki. Hann starfar á háskólastigi og er viðurkenndur sem slíkur af hliðstæðum erlendum menntastofnunum. Nefndin hefur orðið þess áskynja að hugur margra er leggja stund á handverk og bera framfarir greinarinnar fyrir brjósti stendur til þess að hin faglega þekking sem fyrir hendi er í skólanum verði gerð handverksfólki aðgengileg.

Mjög margir taka ákvörðun um að helga sig handverki eftir og jafnvel löngu eftir að þeir hafa lokið formlegu skólanámi. Fyrir slíkt fólk er það framboð af *endur og símenntunarefni* sem skiptir meira máli en formlegt dagskólanám til margra ára. Fræðsludeild Myndlista og handíðaskóla Íslands hefur boðið upp á námsefni sem að einhverju leyti kemur til móts við slíkar þarfir. Í samvinnu við aðra aðila er hægt að auka breiddina í því námi sem í boði er enda til dæmis nauðsynlegt fyrir alla sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda að kunna skil á þáttum eins og bókhaldi og markaðssetningu. Þetta hefur verið gert í MHÍ í samvinnu við Iðntæknistofnun. Námsframboð sem hentar handverksfólki hefur verið víðar, m.a. í bændaskólunum. Náms efni í hvers kyns fjarnámi er nú mjög að aukast og því er líklegt að í framtíðinni verði meira efni í boði til að koma til móts við þarfir þess fólks sem hvorki getur, eða vill ráðast í dagskólanám til nokkurra ára.

Þjónusta við handverksfólk

Í könnun Handverks og hönnunar var handverksfólk spurt að því hvaða þjónusta væri talin mikilvægust fyrir handverksfólk. Spurt var sérstaklega um menntunarmál og lögðu 85% aðspurðra áherslu á aukna valkosti í menntun. Þörf fyrir aukna þekkingu er mest í hönnun, þá markaðssetningu og svo um umbúðir og frágang framleiðslu. Í annarri spurningu um nauðsynlega þjónustu komu eftirtalin atriði oftast fram:

Sölusýningar
Sýningaraðstaða fyrir handverk og nytjalist
Sértæk ráðgjöf um handverksmál
Aðgangur að gæðamati
Fagtímarit um handverksmál

Af ofansögðu er nokkuð ljóst að hverju stuðningur stjórnvalda þarf að beinast enda eru þau atriði sem upp eru talin flest þess eðlis að þau verða best unnin á sameiginlegum vettvangi. Mörg þeirra er erfitt að framkvæma nema fyrir tilstyrk hins opinbera enda þótt kostnaðarþátttaka þeirra sem njóta hljóti að vera meginreglan.

Starf Heimilisiðnaðarfélagsins

Nefndin hefur kynnt sér starfsemi á vegum Heimilisiðnaðarfélagsins, enda hefur það félag átt drjúgan þátt í því að viðhalda eldri verkmenningu hér á landi. Þegar reynsluverkefnið Handverk var sett af stað stóð hugur margra til þess að sú starfsemi rynni saman við starfsemi Heimilisiðnaðarfélagsins. Sú hefur ekki orðið raunin og það á sér margar skýringar. Ekki er lengur stefnt að því að sameina þessa aðila.

Heimilisiðnaðarfélagið og starfsemi á þess vegum er sterkast á sviði þjóðlegrar textílhafðar og alveg sérstaklega í öllu sem snýr að þjóðbúningnum. Sú vakning sem hefur orðið á íslensku handverki á undanförunum árum hefur ekki tengst þessum þáttum svo mjög, heldur verið í vinnu með önnur efni, aðrar vinnuáferðir og aðrar hönnunarforsendur. Þá hefur stór hluti stuðningsmanna félagsins áhuga á þátttöku í því sem áhugafólk en ekki sérstaklega vegna þess að viðkomandi hafi áhuga á að stunda handverk í fullu starfi.

Starfsemi Heimilisiðnaðarfélagsins hefur ekki notið reglulegs framlags af fjárlögum heldur hefur stjórn félagsins orðið að sækja og fengið lítilsháttar stuðning á hverju ári hjá fjárlaganefnd. Þá hefur iðnaðarráðuneytið einnig stutt Heimilisiðnaðarfélagið. Félagið hefur átt í verulegum fjárhagsörðugleikum á undanförunum árum.

Í 2. grein laga félagsins segir að markmið þess sé “að vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað, auka hann og efla, stuðla að vöndun hans og fegurð og vekja áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nytsama hluti, er hæfi kröfum nýs tíma, en hafi rót sína í hinum gamla og þjóðlega menningararfi”. Því er augljóst að starf félagsins varðar erindisbréf nefndarinnar. Í fylgiskjali kemur fram hvaða leiðir félagið vill fara til að ná þessum markmiðum. Nefndin telur að þarna sé um að ræða mjög mikilvægt starf og vill leggja sitt lóð á þá vogarskál að þessum markmiðum verði náð. Er nánar fjallað um það í kafla um tillögur nefndarinnar hér á eftir.

Skattlagning handverks

Í viðræðum nefndarmanna við handverksfólk hefur ítrekað verið bent á að misræmi sé í skattlagningu á handverki. Allt frá því reynsluverkefnið Handverk tók til starfa hafa skattamál verið til umræðu. Eins og kunnugt er er heimilt að stunda starfsemi sem annars er virðisaukaskattskyld, án

skattsins ef heildarumfang framleiðslu er minni en 220.000 kr á ári. Af þeim upplýsingum sem fengist hafa úr könnun Handverks og hönnunar má sjá að töluvert er um að handverksfólk sé með minni tekjur en sem svarar því hámarki sem heimilt er að selja fyrir án greiðslu virðisaukaskatts. Í könnuninni kemur fram að 75% aðspurðra hafa ekki sitt eigið virðisaukaskattsnúmer. Þá eru tiltekna listgreinar² undanþegnar virðisaukaskatti þegar um er að ræða sölu listamanns á eigin verkum.

Mismununin kemur fram með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða samanburð milli handverksfólks og listamanna sem selja án virðisauka á grundvelli hinnar almennu undanþágu vegna beinnar sölu listaverka. Eins og áður er komið fram eru skilin milli listar og handverks óljós og sömu aðilarnir stunda hvort tveggja. Hins vegar er algengt að mismunur sé milli aðila sem selja innan við hámarkið eftir því hvort viðkomandi aðili stundar landbúnað eða ekki. Öll sala bændakonu er þannig virðisaukaskattskyld, vegna þess að allur rekstur á búinu er sameiginlegur. Kona í þéttbýli sleppur við virðisaukaskatt ef umfangið er minna en hámarkið. Þá telur handverksfólk að framkvæmd skattalaga í þessum efnum sé mismunandi eftir landshlutum.

Tillögur nefndarinnar

Nefndin telur að sá stuðningur sem stjórnvöld hafa veitt handverki á undanförunum árum hafi átt umtalsverðan þátt í þeirri miklu eflingu sem orðið hefur í þessari starfsemi. Nefndin telur að handverksgreinar geti enn dafnað og eflst og geti skapað þeim sem þær stunda lífvænlega afkomu og stuðlað að viðhaldi og eflingu íslenskrar menningar.

Handverk og hönnun

Nefndin leggur til að starfsemi sú sem rekin hefur verið undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram og þróist í samræmi við kröfur tímans. Lagt er til að starfsemin verði áfram rekin sem verkefni sem fái fjárhagslegan stuðning frá forsætisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og að þessir aðilar tilnefni einn mann hver í stjórn verkefnisins. Fulltrúi forsætisráðherra verði formaður stjórnarnefndarinnar. Til að tryggja fagleg sjónarmið í stefnumótun verði skipað um það bil 15 manna ráð sem komi saman um það bil einu sinni á ári. Því verði ætlað að tryggja að starfsemi Handverks og hönnunar verði í samræmi við þarfir handverksgreinanna. Ráðinu verði ætlað að fjalla um starfsáætlun verkefnisins. Lagt er til að sem flestir sem telja sér hag í því að taka þátt í starfsemi handverksráðsins fái tækifæri til þess enda taki þeir þátt í kostnaði vegna þess.

Nefndin leggur til að starfsemi Handverks og hönnunar verði eflað frá því sem nú er með því að þar starfi að minnsta kosti 3 starfsmenn. Markmið starfseminnar verði að stuðla að áframhaldandi eflingu handverks, bæta menntun og þekkingu handverksfólks og stuðla að aukinni gæðavitund í greininni. Til þess að ná markmiðunum þarf verkefnið að stunda ráðgjöf, safna og dreifa þekkingu og vera vettvangur þróunar í íslensku handverki.

Lagt er til að forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (landbúnaðarráðuneyti) geri með sér samkomulag um kostnaðarskiptingu vegna Handverks og hönnunar. Það þyrfti að ná til fjögurra ára, en það gefur tilefni til reglulegs endurmats á stöðu verkefnisins. Hlutfallsleg skipting milli aðila gæti verið sú að forsætisráðuneyti fjármagnaði helming en

² Miðað er við tiltekna kafla í tollskrá. Um er að ræða: málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti; frumverk að stungum, þrykki og steinprenti og höggmyndir og myndastyttur úr hvers konar efni.

hin ráðuneytin sitt hvorn fjórðunginn. Er þá miðað við að verkefnið fengi 13 m.kr. framlag frá hinu opinbera á ári með þessum hætti.

Verkefnið þarf einnig að afla fjármagns með öðrum hætti. Eðlilegt er að notendur þjónustu greiði fyrir hana. Þetta hefur verið þannig í framkvæmd hingað til og er því ekki um stefnubreytingu að ræða. Þá getur verkefnið staðið fyrir handverkssýningum. Slíkar sýningar eiga að geta verið tekju-
lind fyrir þann sem heldur þær. Verkefnið gæti hugsanlega framselt handverkssýningarhald undir merkjum sínum í hendur einkaaðila.

Ekki er óeðlilegt að verkefnið gæti sótt um fjárstyrk til annarra opinberra aðila vegna sérstakra verkefna en það ætti að vera undantekningin en ekki reglan. Hugsanlegt er einnig að þeir aðilar sem úthluta styrkjum til handverksfólks vildu nota sér þá faglegu þekkingu sem er fyrir hendi innan verkefnisins. Það kann þó að vera að ekki sé eftirsóknarvert að sitja í dómarasæti gagnvart þeim sem verið er að þjóna.

Nefndin leggur til að eftir fjögur ár fari fram endurmat á starfseminni af hálfu forsætisráðuneytisins. Verði óháður aðili fenginn til þess verks.

Verkefni Handverks og hönnunar

Stjórn Handverks og hönnunar hefur afhent nefndinni lista yfir atriði sem hún telur að verkefnið eigi að vinna að í framtíðinni. Listinn er fylgiskjal með nefndaralitinu. Nefndin getur tekið undir flest þau atriði sem þar eru nefnd að svo miklu leyti sem þau falla undir starfsemi verkefnisins sjálfs og sérstaklega þau sem eiga sér stuðning í fram komnum óskum handverksfólks. Um aðrar tillögur stjórnarinnar er fjallað annars staðar í þessum tillögukafli.

Það er mjög mikilvægt að tengsl Handverks og hönnunar við handverksfólk á landsbyggðinni verði tryggð enda er meirihluti þeirra starfandi þar. Meðan reynsluverkefnið Handverk var í gangi var starfandi net tengiliða sem höfðu það verkefni að annast tengslin við handverksfólk á sínu svæði. Ein meginástæða fyrir því að þetta fyrirkomulag gat ekki gengið fyrir utan það að þrengt var að fjárhagnum eftir að fyrstu þremur árunum lauk var að um var að ræða um það bil fimmtung úr starfi hjá hverjum tengilið. Til þess að geta sinnt slíku starfshlutfalli þurfa að vera mjög sérstakar ástæður hjá flestum einstaklingum.

Frá því þetta fyrirkomulag var lagt niður hefur orðið gríðarleg aukning í þeirri ráðgjöf sem fyrirtækjum og einstaklingum á landsbyggðinni stendur til boða í atvinnumálum. Því telur nefndin einboðið að þörf handverksfólks fyrir ráðgjöf verði komið fyrir innan atvinnuráðgjafakerfisins á landsbyggðinni. Það hefur valdið nefndinni vonbrigðum að hafa ekki fengið meiri viðbrögð frá atvinnuráðgjöfunum en þau sem svör þeirra bera vitni um.

Að sjálfsögðu þyrftu að vera til ráðgjafar með sérþekkingu á hönnun og vinnuaðferðum í handverki en það er óraunsað að reikna með því að slíkt fólk verði í atvinnuráðgjafastörfum á landsbyggðinni, nema í undantekningartilvikum. Handverk og hönnun þarf því að halda þannig sambandi við atvinnuráðgjafana á landsbyggðinni að þeir séu upplýstir eins og kostur er um málefni handverks og geti að minnsta kostir greint vanda handverksfólks og leiðbeint því um það hvert það gæti leitað eftir sérhæfðari aðstoð. Í þessu efni þarf að hafa samstarf við Iðntæknistofnun. Nauðsynlegt er að Handverk og hönnun standi fyrir því að þeir atvinnuráðgjafar sem fá ábyrgð á handverki hver á sínu svæði fái aðgang að aukinni þekkingu á greininni annars vegar og þeirri þjónustu sem Handverk og hönnun býður upp á hins vegar. Væri hægt að hugsa sér að það yrði gert með því að haldin yrðu námskeið fyrir þá. Atvinnuráðgjafarnir þyrftu að geta kallað til sérhæfða

aðstoð frá verkefninu eða annars staðar að þegar um sérhæfð viðfangsefni er að ræða og notið ráðgjafar Handverks og hönnunar í þeim efnum.

Styrkveitingar til handverks

Í erindisbréfi nefndarinnar er henni falið að hafa hliðsjón af því í tillögum sínum “að fyllsta samræmi sé í því hvernig einstök ráðuneyti stuðla að því að viðhalda kunnáttu á sviði handmennta og eflingu handverksgreinarinnar í heild sinni”. Handverksfólk hefur getað leitað eftir stuðningi til að minnsta kosti fjögurra aðila, sem heyra undir jafn mörg ráðuneyti. Jafnframt er ljóst að ekki er um að ræða samræmingu á milli þessara aðila. Stuðningurinn hefur verið háður ýmsum takmarkandi skilyrðum. Stuðningur Bygðastofnunar er bundinn við landsbyggðina; stuðningur félagsmálaráðuneytisins við að konur standi í forsvari fyrir starfsemi og stuðningur Framleiðnisjóðs við einstaklinga hefur verið bundinn við að þeir stundi starfsemi sína á lögbýli. Stuðningur Framleiðnisjóðs við hópa hefur ekki verið háður því að þeir störfuðu einungis utan þéttbýlis. Til skamms tíma var stuðningur félagsmálaráðuneytisins bundinn við það að ekki væri um fjárfestingu að ræða. Því skilyrði var aflétt á yfirstandandi ári.

Nefndin leggur til að forsætisráðuneyti feli fulltrúum þeirra aðila sem vilja styðja handverk fjárhagslega að gera saman og í samráði við Handverk og hönnun fjögurra ára áætlun um það hvernig stuðning við handverk þeir hyggjast veita og hver sé verkaskipting milli aðila. Nefndin vill ekki fyrirfram gefa sér hver sé eðlileg verkaskipting milli aðila eða hvað sé eðlilegt umfang stuðnings. Þó er ljóst af því sem handverksfólk segir sjálf að stuðningur við einstaklingsbundna eða sameiginlega menntun er mikilvægur og því gætu þessir aðilar til dæmis ákveðið að ráðast í þær hugmyndir sem stjórn Handverks og hönnunar hefur sett fram um starfslaunasjóð eða starfsmenntasjóð.

Menntun starfandi handverksfólks

Nefndin leggur til að komið verði á skipulögðu námi fyrir handverksfólk. Hluta slíks náms mætti koma fyrir í Myndlista og handiðaskóla Íslands, til dæmis sem hluta af námskeiðahaldi fræðsludeildar skólans.

Þá er lagt til að kannaðir verði og samræmdir aðrir námskostir sem í boði gætu verið við hönnunardeildir verknáms og iðnskóla eða öldungaeildir. Hafa skal í huga möguleika á að nýta sértækan tækjakost slíkra skóla og námskeið í verktækni gætu farið fram utan hins hefðbundna skólaárs. Verði við það miðað að námið henti fólki sem lokið hefur almennri menntun og getur ekki verið langdvölum fjarri heimili og vinnustað vegna náms. Möguleikar fjarnáms verði notaðir til hins ýtrasta og mætti samþætta bóklegt fjarnám og námskeið í verktækni í eina námsheild. Í náminu verði fjallað um sögulegan grunn lista og handverks, form og litafræði, efnisfræði og grundvallarreglur fagurfræði. Markaðssetning og undirstöðuatriði í rekstri lítilla fyrirtækja má hugsanlega kenna í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands.

Skattlagning handverks

Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni bent á að hafa til hliðsjónar í starfi sínu “að stuðningurinn nýtist þeim einstaklingum sem hafa tekjur og atvinnu af greininni”. Þess vegna telur nefndin sig ekki geta stutt aðgerðir sem væru til þess fallnar að ýta undir það að ekki sé um alvöru atvinnustarfsemi að ræða. Undanþága frá virðisaukaskatti er af þeim toga. Á hinn bóginn er nefndinni ljóst að eigin sala listamanna á verkum sínum hefur ekki verið háð virðisaukaskatti og það er ekki ætlun hennar að skaða lífsafkomu þeirra. Í ljósi þessa vill nefndin leggja til að stjórnvöld túlki heimildir laga um undanþágu listamanna vegna virðisaukaskatts þröngt þannig að sem minnst mismunun

verði gagnvart handverksfólki. Að því er handverk sem framleitt er á lögbýlum varðar þyrfti að kanna hvort ekki er hægt að heimila handverksfólki að reka starfsemi sína á eigin kennitölu eða þá að endurgreiða virðisaukaskatt vegna handverksframleiðslu ef hún er minni en 220.000 kr. Að öðrum kosti er ekki hægt að leggja til annað en að hámarkið verði lækkað.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands

Það er mat nefndarinnar að starf Heimilisiðnaðarfélags Íslands að varðveislu eldri verkmennta og hefða sé mjög mikilvægt. Því leggur nefndin til að stuðningur við félagið verði festur í sessi og hann aukinn. Jafnframt leggur nefndin til að gert verði átak í því að auka notkun og gerð þjóðbúningsins. Heimilisiðnaðarskólinn hefur takmarkaða getu til að taka á móti konum sem vilja sauma þjóðbúninga en mun færri komast að en vilja á þeim námskeiðum sem haldin eru. Námskeið hafa einnig verið haldin víðar um landið. Þrátt fyrir að flestir þjóðbúningar séu gerðir af áhugafóki hefur skapast nokkur atvinna í kring um gerð þeirra. Nefndin tekur undir tillögu Drífu Hjartardóttur til þingsályktunar um stofnun þjóðbúningaráðs en telur að sá ráðgjafi sem lagt er til að starfi að málefnum þjóðbúninga verði best hýstur hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands enda hefur félagið verið miðstöð í þeim efnum til þessa. Leggur nefndin til að gert verði átak í ráðgjöf um kvenbúninginn á næsta ári, í þeim tilgangi að mun fleiri konur skarti búningnum árið 2000 en annars væri.

Heimilisiðnaðarfélagið stundar ráðgjöf í þessum efnum og telur nefndin rétt að félaginu verði falið að gera áætlun um ráðgjafaráttak sem stæði árin 1999 og 2000 og við það miðað að allt að 2 m.kr. af almannafé renni til átaksins hvort ár.

Fylgiskjöl

1. Skipunarbréf nefndarinnar
2. Listi yfir handverksgreinar
3. Svör atvinnuráðgjafa við bréfi nefndarinnar
4. Starfsskýrsla Handverks og hönnunar fyrir árin 1997 og 1998
5. Áhersluatriði stjórnar Handverks og hönnunar
6. Markmið með rekstri Heimilisiðnaðarfélags Íslands